

KJARVAL

HM lúxusborgarar og Pepsi eða Pepsi Max, 1 l

798 kr./pk.

Samarið er tíminn!

20% afsláttur SS Caj P's lærissneiðar **2262 kr./kg** verð áður 2826

20% afsláttur SS nautakötlettur Argentískar **1798 kr./kg** verð áður 2248

20% afsláttur Kjöris grænir frostpinna **399 kr./pk.**

20% afsláttur Hunts BBQ sósur **398 kr./stk.**

20% afsláttur Pykkvabæjar tilboðs franskar **199 kr./pk.** verð áður 256

20% afsláttur Grillfostur í sneiðum **1331 kr./kg** verð áður 1644

20% afsláttur Freyju riskubbar og rex sukkulabitar **429 kr./pk.**

20% afsláttur Maryland kex, 4 tegundir **149 kr./pk.**

20% afsláttur Coke og Coke Light, ferðafélaginn, 33 cl x 12 stk. **989 kr./pk.**

20% afsláttur Gular melónur **199 kr./kg**

KJARVAL Klaustrar Sími: 487 4616 | Vlk. Sími: 487 1325 | Hvílvökur: Sími: 585 7590 | Þorlákshöfn: Sími: 585 7595 | Hölla: Sími: 585-7585

SJÁ OPNUNARTÍMA Á WWW.KJARVAL.IS

VITINN

UTG. FRÉTTABUI SIMI: 4871429 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Subaru 1800 árg.

1987 Z 2087 (númer í innlögn)
fæst gefins, einnig annar í
varahluti.

Til sölu þrekhjól.

Nánar í síma 861 5553.

Til sölu

Toyota Yaris. Árgerð 2006
Ekinn 34.000
Vel með farinn

Upplýsingar á kvöldin
Sími 866-1279

SMÁAUGLÝSINGAR

Vegna misritunar

*í síðasta Vita er kennitala
æskulýðstarfs Hestamanna-
félagsins Sindra endurbirt
v/Minningarsjóðs Óskars
Sigurðar Þorsteinssonar en
hún er:*

**banki: 0317 - 13 - 774706 -
kt. 540776-0169**



Víkivakar - Jóhannes úr Kötlum
Sunnan yfir sænn breiða
sumarylinn vindar leiða
- draumalandið himinheiða
hlær og opnar skautið sitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!
A a ...
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin
- mundu að það er stutt hver stundin
stopult jarðneskt yndi þitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!
A a ...
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

Allt hið liðna er ljúft að geyma,
láta sig í vöku dreyma.
Sólskindsögum síst má gleyma
- segðu engum manni hitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!
A a ...
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

25. TBL. 14. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 23. JÚNÍ 2010

Jónsmessuganga:

Miðvikudaginn 23. júní 2010

Mæting á bankaplanið í Vík kl. 20:00 með miðnætturnesti.

Ekið þaðan að gamla afréttarkofanum í Ausubólshólum í Kerlingardalsafretti.

Gengið verður um Ausubólshóla inn undir Kerlingar og inn í Raufargil. Í bakaleið verður stoppað í Deildarárskóla og þar snætt nesti áður en ekið verður heim.

Upplýsingar gefur Sigurður í síma 8690170.

Ferðanefnd Ferðafélag Mýrdælinga



Heyvagn (flatvagn) til sölu

Lengd á palli 6,50 breidd 2,60 vagninn er á fjöðrum

Vagninn er á öflugri grind undan Dodge vörubíl. Hásing og hjól af þeim sama bíl, tvöföld hjól, dekkjastærð 825x20. Dekk góð. Selst ódyrt.

Nánari uppl. í sínum Vitans

NOKKRIR LÉTTIR

Tveir ungir drengir fengu að gista hjá afa og ömmu. Þegar kominn var háttatími og drengirnir krupu við rúmstokkin til að fara með bænirnar, byrjaði skyndilega sá yngir eins hátt og hann gat:

"ÉG BIÐ UM NÝTT HJÓL,
ÉG BIÐ UM NÝJA LEIKJATÖLVU,
ÉG BIÐ UM NÝTT VÍDEÓTÆKI."

Eldri bróðirinn hnippti í þann yngri og spurði: "Af hverju ertu að öskra bænirnar? Guð er ekki heyrnarlaus." Þá svaraði sá yngri. "Nei, en amma er það."

Einu sinni voru 2 innbrotspjófar, sem voru svo svangir. Þeir sátu og hugsuðu hvernig þeir áttu að fá mat, þegar annar þeirra sagði: "Ég hef það! Við förum á flottasta veitingastaðinn í bænum, og borðum þínan mat. Þegar reikningurinn kemur, segir þú: "Ég borga", og þá segi ég: "Nei, ég borga", og svona höldum við áfram, þangað til við byrjum að slást um það, og okkur verður hent út" Þeir gerðu þetta, og þegar reikningurinn kom, sagði annar: "Ég borga". "Fínt", sagði sá sem átti hugmyndina, "þá fer ég

Eiginkonan er að heimsækja manninn sinn á spítala eftir að hafa verið í aðgerð. "Þú ert æðislega myndarleg" segir maðurinn og sofnar svo aftur. Nokkru seinna vaknar hann aftur og segir "Þú ert sæt". "Sæt", segir konan, "Er ég bara sæt, hvað varð um að ég væri myndarleg." "Áhrif lyfjanna eru að fjara út", svarar hann.

Í upphafi skapaði Guð heiminn og hvíldist. Þá skapaði Guð manninn og hvíldist. Þá skapaði Guð konuna. Síðan þá hefur hvorki Guð eða maðurinn getað hvílst.

Fullorðin og langþreytt kona ákvað að svipta sig lífi, hún leitaði til heimilislæknisins og spurði hann hvar hjartað í fökki væri. Rétt fyrir neðan vinstri geirvörtu sagði læknirinn. Daginn eftir kom frétt um það í blöðunum að eldri kona hefði skotið sig í hnéd.

Á DÖFINNI

UMF Ármann með leikjanámskeið fyrir krakka á aldrinum 6-12 ára vikuna 21.-25.

UMF Ármann með vatnsleikfimi hófst þriðjudaginn 22. júní og stendur til 15. júlí.

Námskeiðið "Gleðidagar - ungur nemur, gamall temur" á vegum Klaustursdeildar RKÍ verður dagana 23., 24. og 25. júní frá 9-16.

Stóðhesturinn Snær is2007182657
Frá Austurkoti verður til afnota í Gröf Skaftártungu í sumar.

Ferðafélag Mýrdælinga fer í Jónsmessugöngu miðvikudaginn 23. júní 2010

Kópsfélagar með Grill og glens á Jónsmessu fimmtudagskvöldið 24. júní n.k. kl. 20:00 (**á morgun**)

MÁLSHATTUR

Ber er hver að baki nema sér bróður eigi. - Hver maður er varnarlaus gegn árásum aftan frá nema e-r sé þar til að verja hann. Ber er hver að baki [á bakinu] nema sér bróður eigi. Í Njáls sögu segir: ..."Björn svaraði: "Aukist hafa heldur vandræðin kerling." Hún svarar fá og brosti að. Húsfreyja mælti þá: "Hversu gafst Björn þér Kári?" Hann svarar: "Ber er hver að baki nema sér bróður eigi og gafst Björn mér vel. Hann vann á þremur mönnum en hann er þó sár sjálfur. Og var hann mér hinn hallkvæmastí í öllu því er hann mátti..." Í Grettis sögu segir: "Þá mælti Grettir: "Ber er hver á bakinu nema sér bróður eigi." Illugi kastaði skildi þá yfir hann og varði hann svo Gretti rösklega að allir menn ágættu vörn hans.

Netverslunin - www.fallegfot.is

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt.

Nýjar sendingar koma reglulega - skráið ykkur á póstlistann og fylgist með.



Ferming í Þykkvabæjarklausturskirkju í Álftaveri, 06.06.2010

F.v: Adam Brynjar Donoghue, sr. Ingólfur Hartvigsson, Elía Bergrós og Lilja Rós Sigurðardætur.

Jónsmessan, aðfaranótt 24. júní

Jónsmessa er kennd við Jóhannes skírara, því að Jón og Jóhannes eru ekki annað en tvö afbrigði sama nafns, enda er Jóhannes fyrrum oft nefndur Jón skírari eða baptisti. Samkvæmt Nýjatestamentinu hlaut hann að hafa fæðst sex mánuðum á undan Jesú Máriusyni – og skakkar þó einum degi. Jóhannes skipar hinsvegar þann einstæða sess í hópi dýrlinga, að enginn annar á fæðingardag sinn fyrir messudag. Upptökudagur beina eða skrínalagning er ella oftast merkisdagur þeirra.

Jónsmessunóttin er ein af þeim fjórum nóttum ársins, sem magnaðastar þykja og mest trú er bundin við. Hinar eru jólanóttin, nýársnótt og þrettándanótt allar í skammdeginu. Sumt af þeim átrúnaði er sameiginlegt öllum þessum nóttum, svo sem að kýr tali, selir fari úr hömum sínum, útisetur á krossgötum gefist þá vel o.s.frv.

Í sambandi við Jónsmessuna höfðu menn annars mesta trú varðandi steina og grös og svo döggin, sem félli þá um nóttina. Hún átti að vera svo heilnæm, að menn læknuðust af kláða og 18 öðrum óhreinindum í holdi við að velta sér í henni allsberir. Og um leið mátti óska sér.

Á Jónsmessunótt, sem er aðfaranótt 24. Júní, átti helst að vera unnt að finna svokallaða náttúrusteina. Er þar um að ræða lausnarsteina til hjálpar jóðsjúkum konum eða kúm, óskastein, varnarstein móti öllu illu, lífsteina, sem græða hvert sár, og hulinhjálstein.

Nokkrir staðir hafa verið tilnefndir, þar sem slíkir steinar eiga að finnast, ef heppnin er með. Má þar nefna Drápuhlíðarfjall á Snæfellsnesi, Klakk milli Kolgrafarfjarðar og Grundarfjarðar, Kofra við Álftafjörð í Ísafjarðarýslu nyrðri, Tindastól í Skagafirði upp undan Glerhallavík, Baulu í Borgarfirði o.fl.

Tekið af: Náttúran.is- vefur með umhverfisvitund

Vinningsnúmer í Happdrætti Hestamannafélagsins Kóps.

Vinningur nr. 1
kom á miða nr. 13

Vinningur nr. 2
kom á miða nr. 70

Vinningur nr. 3
kom á miða nr. 367

Vinningur nr. 4
kom á miða nr. 345

Vinningur nr. 5
kom á miða nr. 161

Vinningur nr. 6
kom á miða nr. 381

Vinningur nr. 7
kom á miða nr. 219

Vinningur nr. 8
kom á miða nr. 32

Vinningur nr. 9
kom á miða nr. 361

Vinningur nr. 10
kom á miða nr. 87

Vinningur nr. 11
kom á miða nr. 217

Vinningur nr. 12
kom á miða nr. 96

Vinningur nr. 13
kom á miða nr. 151

Vinningur nr. 14
kom á miða nr. 372

Vinningur nr. 15
kom á miða nr. 138

Vinningur nr. 16
kom á miða nr. 63

Vinningur nr. 17
kom á miða nr. 125

Vinningur nr. 18
kom á miða nr. 386

Vinningur nr. 19
kom á miða nr. 160

Vinningur nr. 20
kom á miða nr. 346

**Vinninga skal vitja hjá Kristínu á Skriðuvöllum 5 á Klaustri
sími 869 3486**



Það er gott að eiga að góða tæknivædda nágranna að til að slá garðinn þegar heimilis-sláttuvélin ræður ekki við grasið, sem er öskumengað og úr sér sprottið. Hér er Sigurður Magnússon á Suður-Hvoli að slá.

Þetta er hið mesta töfrataeki og fjölhæft svo ekki sé meira sagt, svokallaður liðléttingur, hægt að koma henni nánast allsstaðar, hægt að moka með henni, hægt að lyfta hátt í tonni eins og með lyftara. Þá fæst á hana sláttuvél sem er sérlega hentug á litlum grasblettum. Aflvélin er 25 ha diselvél. Tækið er Ítalskt að gerð og heitir Multione, umboðið er Orkuver.



Nokkrir félagar úr hmf Sindra stóðu heiðursvörð við útför Óskars Sigurðar Þorsteinssonar er gerð var 19. júní sl. frá Sólheimakapellu

Grill og glens á Jónsmessu.

Kópsfélagar og aðrir áhugasamir.

Hvernig list ykkur á að koma saman á Sólvöllum fimmtudagskvöldið 24. júní n.k. kl. 20:00 (á morgun) og gæða ykkur á góðgæti (kíti) af grillinu?

Verði verður stillt í hóf en þátttöku þarf að tilkynna í síðasta lagi kl. 12:00 á morgun fimmtudag í síma 8693486 eða 4874643.

Við skemmtun svo hvert öðru, segjum sögur, syngjum, (söngolía er leyfi-leg) og förum í leiki.

Mætum sem flest.

Stjórn Kóps.



Bændur athugið

Á vegum samtaka bænda og sveitarfélaganna Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps hefur verið sett á fót heymiðlun með það að markmiði að tryggja þeim bændum sem ekki hafa aðstöðu til þess að afla þeirra viðbótarheyja sem þarf vegna tjónsins af völdum gossins aðgang að góðu heyi.

Sveinbjörn Jónsson (sími 862-1814) mun annast heymiðlunina en Runólfur Sigursveinsson hjá BSSL og Borgar Páll Bragason hjá BÍ verða faglegir ráðgjafar.